

**Sp. 307. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]**

um könnun á skipulagi innflutningsverzlunar o. fl.

Flm.: Sigurður Magnússon, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd, er kanni fyrirkomulag innflutningsverzlunar og skyldur innflytjenda í þeim tilgangi að gera tillögur um einföldun innflutningsverzlunar og tryggja almenningi öruggari vörubjónustu.

**Greinargerð.**

Eins og þingsályktunartillaga þessi ber með sér, er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að beita sér fyrir könnun á fyrirkomulagi innflutningsverzlunar í þeim tvíþætta tilgangi einkum að einfalda hana og gera hana ódýrari og til að auka ábyrgð innflytjenda á þeim vörum, er þeir flytja til landsins.

Varðandi fyrra atriðið er ljóst, að sú óráðsía og það skipulagsleysi, sem ríkir á innflutningi alls kyns vöru til landsins, hlýtur að kosta þjóðfélagið hundruð milljóna árlega, sem framleiðsluatvinnuvegirnir jafnt og almenningur verða að borga með einu eða öðru móti. Þetta ástand er óviðunandi, þar sem vitað er, að innflutningsverzlunin er sá þáttur í efnahagsafkomu þjóðarbúsins, sem hvað mest ákvarðar afkomu þess hverju sinni. Þannig má nefna, að heildarverðmæti innflutningsins til landsins nam samtals 18 931 512 000 kr. á sama tíma og verðmæti útflutnings landsmanna var samtals 13 177 925 000 kr. Vitaskuld fer ekki nærri allur þessi mikli innflutningur út í viðskiptalífið eða til endursölu innanlands í gegnum milliliði, því að víst er, að ýmis fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga og annarra slíkra aðila annast verulegan innflutning beint til eigin þarfa. Þrátt fyrir það er ljóst, að verulegur hluti heildarinnflutningsins fer um hendur milliliða til endursölu og dreifingar innanlands, og er því ljóst, að þjóðfélagið, almenningur jafnt sem fyrirtæki og framkvæmdaaðilar, fær að borga þær kostnaðarhækkanir vörunnar, sem verða vegna óhagkvæmni innflutnings og dreifingar.

Síðara atriði þingsályktunartillögunnar fjallar um skyldur innflytjenda, en núverandi löggjöf um það efni er með öllu ónóg. Í lögum um verzlunaratvinnu frá 19. apríl 1968 er að finna nokkur skilyrði, sem sett eru fyrir leyfi til verzlunarrekstrar. En með orðunum verzlun í þeim lögum er m. a. átt við heildsverzlun. Skilyrði þau, sem þarna er að finna, eru í 4. gr. nefndra laga, og fjalla þau um ríkisfang og aðsetur, fjárráð og tilskilda menntun. Engin ákvæði er hins vegar að finna um skyldu vöruinnflytjanda til að annast varahluta- eða viðgerðabjónustu né aðra ábyrgðarskyldu á vöru þeirri, er hann flytur inn til landsins. Reynslan hefur sýnt, að ýmsir innflutningsaðilar skáka í þessu skjóli og trassa að veita vörukaupendum lágmarksþjónustu. Löggjafinn verður að setja innflutningsaðilum strangt aðhald með setningu reglna um þessi atriði.